



YFIRLIT ÁRSINS 2022

FLUGSVIÐ



Efnisyfirlit


TILKYNNINGAR UM ATVIK - ALVARLEG FLUGATVIK - FLUGSLYS	3
TEKIÐ TIL RANNSÓKNAR Á ÁRINU	4
RANNSÓKNIR SEM LOKIÐ VAR ÁRINU	6
NEFNDARFUNDIR	7
TILLÖGUR/TILMÆLI Í ÖRYGGISÁTT	8
Tillögur í öryggisátt sem gerðar voru á árinu 2022:	9
Almenn tilmæli til flugmanna sem gerð voru á árinu 2022:.....	9
ERLENT SAMSTARF 2022	10
BANASLYS	11
OPNAR RANNSÓKNIR Í ÁRSLOK 2022	13
Aldur opinna mála	13
Opin mál í árslok.....	14

TILKYNNINGAR UM ATVIK - ALVARLEG FLUGATVIK - FLUGSLYS

Á árinu 2022 bárust flugsviði RNSA alls 4.803 tilkynningar um flugatvik, alvarleg flugatvik og flugslys. Hefur tilkynningum fjölgað mikið á milli ára, enda umsvif í flugi að komast í svipað form og fyrir COVID-19 faraldurinn. Er það mat RNSA að á árunum 2020 - 2021 hafi áhrif Covid-19 haft mest áhrif á fækkun tilkynninga vegna minni umsvifa í flugi.

Á árinu 2006 tók gildi reglugerð um aukna tilkynningaskyldu atvika í flugi. Árið 2007 var fyrsta árið eftir gildistöku hennar og bárust 554 tilkynningar það ár. Atvik eru tilkynnt til Samgöngustofu og fær flugsvið RNSA afrit af þeim í þeim tilgangi að ákveða hvort eitthvert þeirra flokkist sem alvarlegt og skuli því tekið til rannsóknar. Vakin er athygli á því að stundum berast RNSA fleiri en ein tilkynning um sama atvikið og skýrir það m.a. hvers vegna RNSA mælir fleiri tilkynningar en Samgöngustofa. Þess ber að geta að almennt tekur RNSA alvarleg flugatvik og flugslys til rannsóknar en önnur tilkynnt atvik eru til skoðunar/greiningar hjá Samgöngustofu og nýtast meðal annars í úttektum og öðru eftirliti.

Á myndinni hér að neðan má sjá fjölgun tilkynninga á árunum 2013 til 2019. Á myndinni má svo sjá verulega fækkun tilkynninga á árunum 2020 og 2021 og er það rakið til almennrar fækkunar flugstunda sökum Covid-19. Árið 2022 varð mikil fjölgun tilkynninga að nýju, í samræmi við þróun tilkynninga fyrir Covid-19 faraldurinn.



Þess ber að geta að aukning á fjölda tilkynninga á árunum 2011-2019 má ekki endilega rekja til þess að öryggi í flugi sé að rýrna heldur frekar að tilkynningarskildir aðilar eru duglegri að tilkynna en áður ásamt aukinnar flugumferðar.


TEKIÐ TIL RANNSÓKNAR Á ÁRINU

Á árinu 2022 skoðaði flugsvið RNSA 22 mál af þeim atvikum sem tilkynnt voru. Var eitt málanna skráð sem flugslys og var það banaslys. Sjö mál voru skráð sem alvarleg flugatvik og tvö mál sem alvarleg flugumferðaratvik. Að auki aðstoðaði RNSA systurstofnanir í erlendum ríkjum við þrjár rannsóknir tengdum íslensk skráðum loftförum. Voru þessi tólf mál tekin til formlegrar rannsóknar. Níu mál reyndust þess eðlis að ákveðið var að rannsaka þau ekki frekar eða þau færð undir aðra rannsókn.

Á töflunni hér að neðan má sjá yfirlit skráðra mála hjá flugsviði RNSA á árinu 2022.

Málsnúmer	Flokkun	Heiti	Skráning	Tegund	Staður	Dags
22-001F001	Minniháttar	Loss of pressurization and diverted to Glasgow	TF-BBP	737-800F	Enroute over the North Sea	3.1.2022
22-010F002	Flugslys	Hafnaði í Þingvallarvatni	TF-ABB	Textron 172N	Þingvallarvatn	3.2.2022
22-026F003	Minniháttar	Diverted to Keflavik Airport due to fire warning	D-AIGN	Airbus 340-300	South of BIRD, entered BIRD at 6100N02641W	27.3.2022
22-040F004	Minniháttar	Fór útaf braut í lendingu	TF-FFL	Textron 172N	BIAR	30.5.2022
22-041F005	Alvarlegt flugumferðaratvik	Flugumferðaratvik við austursvæði	TF-MET / TF-FFL	ICP Savannah S / Textron 172N	Ofan Reykjavíkur	30.5.2022
22-042F006	Alvarlegt flugatvik	Neyðarástand vegna eldsneytis	TF-PPA	Airbus 320-200	Á leið til BIKF	13.6.2022
22-053F007	Alvarlegt flugatvik	Mótorbilun og nauðlending	TF-ASK	ICP Savannah S	Fúlukinnarfjall á Norðurlandi	23.7.2022
22-067F008	ACCREP - Aðstoð við erlenda rannsókn	Hreyflahlíf féll af á flugi og hafnaði á húsi	TF-AMC	Boeing 747-400	Belgía	8.9.2022
22-068F009	Alvarlegt flugumferðaratvik	Fráhvarfsflug vegna flugvélar á flugbraut 19	TF-ICB / TF-FIA	Boeing 737-9 / Boeing 757-200	BIKF	31.8.2022
22-069F010	Alvarlegt flugatvik	Hlíf losnaði og fór í stélþyril	TF-HDA	Airbus AS350B2	BIRK	31.8.2022
22-085F011	Minniháttar	Reykur í farþegarými	TF-ISX	Boeing 757-300	Yfir Grænlandi á leið til BIKF	19.10.2022
22-086F012	Minniháttar	APU fire warning	TF-AMP	Boeing 747-400	NAT track A, diverted to BIKF	2.7.2022
22-087F013	Alvarlegt flugatvik	Röng hleðsla vöruflutningarvélar	TF-FIG	Boeing 757-200PF	BIKF	4.7.2022
22-088F014	Minniháttar	Titringur	TF-EIR	Airbus EC225LP		10.8.2022
22-089F015	Minniháttar	Bilanir í prófunarflugi	TF-KFA	Diamond DA-20	Yfir Kúagerði	22.8.2022
22-090F016	Alvarlegt flugatvik	Lenti á vegi vegna eldsneytisskorts	TF-EJG	Textron 172K	Við suðurströndina á milli Bakka og Mýrdalsjökuls	4.9.2022
22-091F017	Alvarlegt flugatvik	Röng hleðsla vöruflutningarvélar	TF-FIH	Boeing 757-200PCF	BIKF	4.10.2022
22-092F018	ACCREP - Aðstoð við erlenda rannsókn	Hliðarstýri skemmdist er vængendi annarrar flugvélar rakst í það	TF-FIK	Boeing 757-200	Heathrow	28.9.2022
22-093F019	Minniháttar	Fuel valve failure	N823AN	Boeing 787	Austur af Grænlandi	14.10.2022
22-094F020	Minniháttar	Vandamál með vinstri hreyfil	HB-IHZ	Airbus 320	BIKF	19.11.2022
22-100F021	ACCREP - Aðstoð við erlenda rannsókn	Rann yfir akbraut og hafnaði á mannvirkjum á jörðu	TF-BBM	Boeing 737-400	CDG í París	20.11.2022
22-110F022	Alvarlegt flugatvik	Eldsneytisþurrð á hreyfli vegna sprungins drainbolla	TF-MYB	Beech King Air 250	BIAR	22.12.2022

Fjöldi mála sem tekin hafa verið til rannsóknar á síðustu 10 árum.



RANNSÓKNIR SEM LOKIÐ VAR ÁRINU

Á árinu 2022 lauk flugsvið RNSA alls 17 málum. Þar af var einu máli lokið með útgáfu á lokaskýrslu, og ein áfangaskýrsla gefin út. Fimm málum var lokað með bókun, tvö mál voru sameinað öðrum málum og níu mál reyndust við nánari skoðun vera atvik og voru því ekki rannsökuð frekar.


Málsnúmer	Heiti	Afgreiðsla	Opnað	Lokað
19-125F040	TF-BBH Takmörkuð stjórn - Aileron cable failure Marokkó	Lokað með bókun	17.8.2019	3.3.2022
21-052F010	C-GWRJ missir afl eftir flugtak og brotlenti	Skýrsla	1.6.2021	10.11.2022
21-083F019	TF-HDA flaug yfir TF-FXH í brautarstöðu á BIRK	Sameinað máli 21-057F011	9.8.2021	8.12.2022
21-090F022	TF-POF hreyfill stöðvaðist á lokastefnu fyrir BIKF	Lokað með bókun	25.8.2021	8.12.2022
21-101F025	TF-ELX hlekkist á í landingu á Bíldudal	Lokað með bókun	10.10.2021	3.2.2022
22-001F001	TF-BBP decompression diverted to Glasgow	Minniháttar mál Ekki tekið til formlegrar rannsóknar	3.1.2022	5.1.2022
22-026F003	D-AIGN diverted to Keflavik Airport due to fire warning	Minniháttar mál Ekki tekið til formlegrar rannsóknar	27.3.2022	29.3.2022
22-040F004	TF-FFL fór útaf í landingu á BIAR	Minniháttar mál Ekki tekið til formlegrar rannsóknar	17.5.2022	16.12.2022
22-041F005	TF-MET og TF-FFL flugumferðaratvik ofan Reykjavíkur	Sameinað máli 21-057F011	30.5.2022	29.9.2022
22-069F010	TF-HDA hlíf losnaði og fór í tail rotor á flugi við BIRK	Lokað með bókun	31.8.2022	8.12.2022
22-085F011	TF-ISX smoke in cabin	Minniháttar mál Ekki tekið til formlegrar rannsóknar	30.6.2022	16.12.2022
22-086F012	TF-AMP APU fire warning - Fireloop failure	Minniháttar mál Ekki tekið til formlegrar rannsóknar	30.6.2022	16.12.2022
22-088F014	TF-EIR vibration - Possible birdstrike	Minniháttar mál Ekki tekið til formlegrar rannsóknar	10.8.2022	16.12.2022
22-089F015	TF-KFA bilanir í testflugi	Minniháttar mál Ekki tekið til formlegrar rannsóknar	22.8.2022	16.12.2022
22-090F016	TF-EJG lenti á vegi vegna eldsneytisskorts	Lokað með bókun	4.9.2022	8.12.2022
22-093F019	N823AN diversion to BIKF CB-card error	Minniháttar mál Ekki tekið til formlegrar rannsóknar	14.10.2022	16.12.2022
22-094F020	HB-IHZ vandamál með vinstri hreyfil og snéri við til BIKF	Minniháttar mál Ekki tekið til formlegrar rannsóknar	19.11.2022	21.11.2022

Á árinu 2023 vann RNSA að umfangsmikilli rannsókn vegna banaslyss í Þingvallarvatni þar sem vettvangsrannsókn tók óvenju langan tíma og voru aðstæður krefjandi vegna staðsetningu flaksins og veðuraðstæðna (frost). Talsverð vinna fór í undirbúning og endurheimt flaksins af botni Þingvallavatns.

Þá voru tvö önnur umfangsmikil mál sem nefndin vann að og fór annað þeirra aftur í rannsóknarferli þar sem nýjar upplýsingar bárust í umsagnarferlinu.

NEFNDARFUNDIR

Á árinu 2022 voru haldnir 21 nefndarfundir á flugsviði RNSA, en að meðaltali hafa verið haldnir um 24 fundir á flugsviði á ári síðustu 10 ár eða um aðra hverja viku.




Helstu verkefni á nefndarfundum er yfirferð á drögum um lokaskýrslur, meðferð þeirra athugasemda sem gerðar eru við lokadrög ásamt meðferð lokaskýrslna. Þá eru tæknileg atriði rannsókna einnig til umfjöllunar á nefndarfundum.

TILLÖGUR/TILMÆLI Í ÖRYGGISÁTT

Flugsvið RNSA gaf út ein tilmæli, en engar tillögur í öryggisátt á árinu 2022. Á síðastliðnu tíu ára tímabili eða frá árinu 2013 hefur flugsvið RNSA gefið út samtals 140 tilmæli og/eða tillögur í öryggisátt sem er um 14 á ári eða að jafnaði rúmlega ein á mánuði. Ástæðan fyrir mun færri tilmælum og tillögum í öryggisátt á árinu 2022, er að aðeins ein lokaskýrsla var gefin út á árinu.

Munurinn á tilmælum og tillögum í öryggisátt er, eftir verklagi flugsviðs RNSA, sá að tilmæli eru almenn og ná t.d. til flugmanna almennt en tillögur í öryggisátt hafa sérstakt ferli og eru sérstaklega númeraðar. Þeir sem taka við tillögum í öryggisátt skulu taka tilhlýðilegt tillit til þeirra og hrinda í framkvæmd ef við á og skulu án tafar og eigi síðar en innan þriggja mánaða frá því að þær bárust, gera nefndinni grein fyrir því hvernig brugðist hafi verið við eða hvers vegna ekki hafi verið brugðist við þeim. Rannsóknarnefnd skal, innan tveggja mánaða frá því að henni var gerð grein fyrir viðbrögðum, tilkynna viðkomandi aðila hvort nefndin telji þau fullnægjandi.



Á árinu 2013 tók flugsvið Rannsóknarnefndar samgönguslysa við af Rannsóknarnefnd flugslysa sem stofnuð var árið 1996. Ef litið er á lengra tímabil þá hafa þessar stofnanir sameiginlega gefið út samtals 333 tillögur eða tilmæli í öryggisátt frá árinu 1996. Það hafa því verið lagðar fram um 13 tillögur/tilmæli að meðaltali á ári frá árinu 1996, tillögu og tilmæli sem stuðla að auknu flugöryggi og er það rúmlega ein á mánuði síðastliðin 26 ár.

Tillögur í öryggisátt og viðbrögð við þeim má finna á vef Rannsóknarnefndar samgönguslysa. Nánar um viðbrögð við tillögum í öryggisátt eru uppfærð á vefsvæði RNSA, <http://www.rnsa.is/tilloegur-i-oeryggisatt/>

Tillögur í öryggisátt sem gerðar voru á árinu 2022:

Engar.

Almenn tilmæli til flugmanna sem gerð voru á árinu 2022:

SIA-Iceland reminds pilots of the importance of vigilance during fuel sump.

Ef tillaga í öryggisátt eða tilmæli er á ensku, þá er það vegna þess að skýrslan var skrifuð á ensku.

ERLENT SAMSTARF 2022

Sökum heimsfaraldurs í upphafi árs og óvissu á fyrri hluta ársins, voru ferðalög rannsakenda RNSA færri en venja hefur verið. Flugsvið RNSA tók virkan þátt í tengslaneti rannsakenda í Evrópu (ENCASIA) á fjarfundarformi, en tengslanetið er á vegum Evrópusambandsins.

Rannsakandi RNSA sótti Evrópuráðstefnu rannsakenda (ESASI) í Ungverjalandi í apríl, auk hefðbundnum fundi hjá flugöryggisstofnun Evrópu (EASA) í maí.

Hefðbundin alþjóðaráðstefna flugslysarannsakenda (ISASI), sem haldin var í Ástralíu í ágúst, var ekki sótt af RNSA að þessu sinni. Rannsakandi RNSA tók þó þátt gegnum fjarfundarbúnað, sem reyndist ekki vel vegna mikils tímamismunar.

Þegar flugslys eða alvarleg flugatvik eru tekin til rannsóknar hafa önnur ríki svo sem hönnunarríki, ríki framleiðanda og skráningaríki loftfara, rétt til þátttöku í rannsókninni. Í tengslum við rannsókir sem í gangi voru á árinu 2022 var flugsvið RNSA í samstarfi við erlendar rannsóknarnefndir, svo sem NTSB (Bandaríkin), AAIB (Bretland), BEA (Frakkland), BFU (Þýskaland), TSB (Ungverjalandi) og FSIA (Austurríki). Einnig skipaði RNSA trúnaðarfulltrúa (ACCREP) við þrjár erlendar rannsóknir.


Flugslysaæfingar voru haldnar á Ísafirði, í Reykjavík og á Akureyri á vegum Isavia og tóku rannsakendur RNSA þar þátt og héldu kynningar fyrir viðbragðsaðila. Var tækifærið nýtt til að þjálfa þvert á svið RNSA á flugslysaæfingunni í Reykjavík.

Þá sótti rannsakandi flugsviðs tvö endurmenntunarnámskeið við rannsóknir flugslysa.

BANASLYS


Eitt banaslys varð í flugi á Íslandi á árinu 2022. Sex banaslys hafa verið í flugi á íslensk skráðum loftförum á síðustu 10 árum. Árið 2013 létust einnig tveir menn þegar sjúkraflugvél TF-MYX brotlenti á Akureyri. Þá voru tvö banaslys á árinu 2015. Það fyrra varð þegar N610LC, einkaflugvél af gerðinni DHC-2 Beaver, brotlenti í Barkárdal í ágúst 2015 með þeim afleiðingum að ferjuflugmaður lést og flugmaður slasaðist töluvert. Það síðara varð þegar TF-IFC, kennsluflugvél af gerðinni Tecnam P2002JF brotlenti í Kapelluhrauni sunnan Hafnarfjarðar í nóvember 2015 með þeim afleiðingum að tveir menn létust. Á árinu 2019 urðu tvö banaslys, annarsvegar þar sem þrír létust í einkaflugi þegar N3294P, tveggja hreyfla einkaflugvél af gerðinni Piper PA23, brotlenti við Múlakot í júní 2019 og hinsvegar þar sem einn lést í einkaflugi þegar TF-CRZ, sem var af gerðinni Piper PA-12 Replica, brotlenti á Haukadalsmelum í júlí 2019. Á árinu 2022 létust fjórir þegar TF-ABB, einkaflugvél af gerðinni Textron 172N, hafnaði í Þingvallarvatni í febrúar 2022.

Alls hafa því 13 einstaklingar farist í sex flugslysum á síðustu 10 árum á Íslandi.



Á næstu síðu má sjá fjölda banaslysa á íslensk skráðum loftförum frá upphafi. Þar má meðal annars sjá að á árunum 2001 -2008 voru átta ár samfleytt án banaslysa í flugi á Íslandi. Eins og greint er frá að ofan voru engin banaslys á árunum 2016-2018 og að frátöldu átta ára tímabilinu voru síðast þrjú banaslysalaus ár á árunum 1953 – 1955.


Ef litið er nánar á banaslys á síðustu 10 árum má meðal annars merkja að í fimm af sex banaslysum voru reynslumiklir flugmenn um borð.



OPNAR RANNSÓKNIR Í ÁRSLOK 2022


Í lok ársins 2022 voru 16 mál sem ekki var búið að ljúka á flugsviði RNSA og er það fjölgun um 5 mál frá árinu 2021 en fækkun að jafnaði ef litið er til síðustu tíu ára. Þar af voru tíu mál frá árinu 2022, eitt mál frá árinu 2021, tvö mál frá árinu 2020 og þrjú mál frá árinu 2019. Þá er meðalaldur mála rétt yfir meðallagi á milli ára og stóð hann við lok árs 2022 í 1,32, en meðaltal síðustu 10 ára er 1,24 ár. Þetta skýrist einkum af þremur opnum málum frá árinu 2019. Mörg mál voru tekin til rannsóknar og hafa þessi þrjú elstu mál frá árinu 2019 áhrif á reiknaðan meðalaldur mála.

Aldur opinna mála



Opin mál í árslok

Á súlurritinu hér fyrir neðan má sjá að fækkun er á málum á flugsviði RNSA sem ekki var búið að ljúka í árslok 2022, ef litið er á þróun síðustu tíu ára. Tíu ára meðaltal opinna mála í árslok reiknast 22,3 og eru opin mál í árslok því vel fyrir neðan meðaltal eða 16 talsins.





Reykjavík – Janúar 2023